

Starfsskýrsla.

Sigurðar Jónassonar, Laugabrekku, árið 1957.

Veturinn 1957 var yfirleitt fremur hagstæður hér norðanlands. Snjóalög voru þó heldur meiri en að undanfögnu, einkum síðarihluta vetrarins. Hér í Skagafirði var veðráttan góð og ekki eins breytileg og undanfarna vetur.

Norðaustanátt var mjög ríkjandi í febrúar og marz mánuði og hafði hún í för með sér tíða snjókonu í útsveitum héraðsins, urðu þar fannalög mun meiri en venjulega.

Inni í héraðinu snjóaði minna, en frostin urðu þar til muna meiri, þó ekki svo að hart gæti talist.

Um miðjan apríl brá til sunn<sup>an</sup>áttar og hlýinda, svo að allan snjó leysti á mjög skömmun tíma og héldust hlýindi fram um mánaðarmót. Með maí kólnaði mjög í vœðri með norðanátt og næturfrostum og var sú veðráttá ríkjandi langt fram eftir sumri.

Í tilliti til trjáræktar er þetta vor það lang versta, sem ég man eftir. Aldrei kom skúr úr lofti, sífeldur norðannæðingur gág eftir dag, oft hlýtt að deginum en næturfrost mjög tíð allt fram í júnílok.

Mins og gefur að skilja fór þetta veðurfar mjög illa með allan trjágróður, en allra verst með unglöntur í græðireitnum

Ekki var um annað að gera en vökva í reitnum ef ekki átti allt að skrálna upp, en fyrir það urðu afleiðingar naturfrostanna enn þá skaðlegri. Vert er að geta þess, að árs-gömlu plönturnar, sem orðið höfðu fyrir mjög miklum hnekki á s.l. sumri vegna naturfresta, reyndust svo viðkvæmar fyrir kulduðum, að sum beðin eyddust að mestu.

Mjög mikið bar á kali í eldri plöntum í trjáreitum, einkum þó í innsveitum, og virtist mér það áberandi meira þar sem landi hallaði mót austri. Ef til vill er ástæðan sú, að þar hafa hitaskiptin orðið sneggri. Mikil vanhöld urðu í plöntum, sem gróðursettar voru á s.l. ári, þar skrálnuðu upp í þessum stöðugu þurkum.

Með júlí hlýnaði í veðri og komu miklir hitar annað slagid en þurrviðrin. Héldust nær samfeld fram í miðjan ágúst, en þá brá til sunnanáttar með hafilegri úrkomu og hélst blíou-tíð til septemberloka.

Þetta mun vera einhvert þurrviðrasamasta vor og sumar, sem menn muna hér í Skagafirði.

Vöxtur og þrif trjáplantna. Eins og að líkum lætur, hafði þessi kalda og þurra vorveðrátt mjög skaðleg áhrif á vöxt og viðgang trjágróðursins. Vanhöld urðu mikil og vaxtartíminn stuttur, því naumast er hægt að segja að hann byrji <sup>áð</sup> fyr en í júlí að nokkru ráði. En á þessum skamma hlýindakafli virtist mér vöxturinn nærri ótrúlega ör í þeim plöntum, sem ekki

höfðu orðið fyrir skemmdum af kali. Í græðireitnum ox vel á þessu tímabili, en mjög mikillar vökvunar þurfti við einkum eftir að hlýnaði í veðri. Nokkur skortur varð á vatni, þegar leið á sumarið, en þó ekki svo að vandraði hlytust af. Í byrjun september komu 2 frostnatur í röð, en okkur heppnaðist að verja fræbeðin með yfirbreiðslu.

Spírun í fræbeðum var fremur góð nema í birkifræinu frá Vöglum, það reyndist ónýtt að mestu.

Ekki er hægt að telja að laufgun byrji fyr en um 15. júní. Að vísu fór lítið eitt að springa út síðast í apríl en það fölnaði upp í frostunum í maí.

Lauffall hófst um 20. sept. en laufum miðjan október.

Verkafélk. Vinna hófst í maí byrjun, en af því hvað veðráttan var óhagstað hafði ég lítin vinnukraft fyr en leið á mánuðinn

Kaupgreiðslum var þannig hagað, að ég greiddi karlmönnum tímakaup samkvamt taxta en stúlkunum kr. 10,56 á tíman, 13 ára unglíng greiddi ég kr. 8 fyrir tíman.

Kaup stúlkanna er mjög lágt en það var miðað við mánaðar-kaup.

Tala vinnustunda varð svo sem hér segir:

|         |          |     |          |         |     |          |       |     |     |
|---------|----------|-----|----------|---------|-----|----------|-------|-----|-----|
| Í maí.  | Karlmenn | 298 | stundir, | stúlkur | 288 | stundir, | ungl. | 156 | st. |
| Í júní. | Karlar   | 370 | "        | stúlkur | 720 | "        | ungl. | 137 | "   |
| Í júlí. | Karlar   | 104 | "        | stúlkur | 504 | "        | Ungl. | 181 | "   |

Í ágúst. Karlar                      Stúlkur 445 stundir, unglíngur 189 stundir  
 Í sept. Karlar 117 st.    stúlkur 416 stundir, unglíngur 74 stundir

---

Samtals. Karlar 889 st. Stúlkur 2373 st.                      Unglíngur 737 st.

Ofanskráð vinna er tilheyrandi græðieritnum og stækkun hans, gróðursetningu, hreinsun frá plöntum og áburðargöf í girðingum Skógræktar ríkisins og viðgerð á nokkrum skógræktargirðingum..

Nokkuð keypti ég af vélavinnu, vegna jarðvinslu í græðireit, áburðarvinslu, flutninga og fl.

Girðingar. Þingar nýjar girðingar voru settar upp á árinu á vegum Skógræktar ríkisins.

Skógræktardeild Hólaskóla setti upp skógræktargirðingu að Hólum í Hjaltadal. Var sú girðing að nokkru undirbúin á s.l. ári. Í ráði er að skógræktardeild Hjaltadals fái þar einnig land til gróðursetningar. Girðingin verður styrkt af skógræktarsjóði Skagafjarðarsýslu.

Girðingarefnið er vírnet og gaddavír, tré- og járnstaurar. Lengd girðingarinnar er 2125 m. Flatarmál landsins innan girðingar er 25 ha. Þess skal geta, að spilda af ræktuðu landi, sem ekki verður tekin til skógræktar, er innan girðingarinnar.

Græðireiturinn. Í fyrra sumar var plögt og herfað land til viðbótar við græðireitinn, er það 2.000 fermetrar að flatarmáli.

Í vor lokræsti ég þetta land og vann það til fullnustu. Í það voru borin 16 bílhlöss af húsdýraáburði (sauðataði) og 15

jeppakerrur af sandi. 500 ferm. af þessu landi tók ég í vor undir sáningu og dreifsetningu.

Nokkuð meira keypti ég í vor af húsdýraáburði en að undanfögnu, eða um 26 hlíhlöss. Þar af geymast 5 hlöss til n.á.

Verð á áburðinum var 250 kr. bílhlassið, en ég varð að taka hann inni í húsunum. Við það notuðum við traktor með og fluttum áburðin þannig á völlin, þar sem hann var unninn og síðan var mokað á bílana með litilli ámokstursvél.

Tilbúin áburð keypti ég fyrir kr. 2576,00. Timbur í ramma um fræbeð 1000 fet.

Í vor fékk ég 25 glugga svo að nú eru 76 gluggar til í reitnum. Þá fékk ég einnig nýjan tatar, sem reyndist mjög vel.

Til vetrarumbúnaðar notaði ég lyng yfir fræbeð en torfstrengi á það sem dreifsett var. Dreifsettu plöntunum skyldi ég einnig með limi og strengdi yfir það svo ekki fyki af.

Áburður. Í fræbeð og dreifsetningar beð þar ég húsdýraáburð og tilbúinn áburð. Magn per. 100 fermetra: 1000 kg. sauðatað, 4 kg. kalksalpétur, 3 kg. þrífosfat og 3 kg. kalí.

Sáning. Sáning fór fram dagana 20 - 26 júní. Sáð var samtals í 511 ferm. Þar af var sáð undir striga í 397 fermetra en undir gler í 114 fermetra.

Frásáning.

| tegund fræs.         | Uppruni.                      | Kg.        | m <sup>2</sup>     |
|----------------------|-------------------------------|------------|--------------------|
| ✓ Blágreni.....      | Spinero Colorado .....        | 0,200v     | 10                 |
| ✓ Brodd og blág..... | Spinero Colorado .....        | 0,200v     | 10                 |
| ✓ Broddgreni.....    | Spinero Colorado.....         | 0,200v     | 10                 |
| ✓ Sitkagreni .....   | Seward Kenai-Lake Alaska..... | 0,670v     | 20                 |
| ✓ Fjallaþinur.....   | Spinero Colorado.....         | 0.500v     | 10                 |
| ✓ Rússalerki.....    | Onega .....                   | 1,000v     | 35                 |
| ✓ Rauðgreni .....    | Rana Krogen Drevja.....       | 0,500v     | 20                 |
| ✓ Birki.....         | Ísl. Vagfir.....              | 7,000v     | 231                |
| ✓ Birki.....         | Ísl. Þéjarstaður.....         | 5,000v     | 165                |
|                      |                               |            | <u>296</u>         |
|                      |                               | 15,270 kg. | 511 m <sup>2</sup> |

Ath. Birkifræið frá Vöglum spíraði ekki og verður að sá í þau bæð í vor, að öðru leyti var spírunin góð.

Dreifsetning. Dreifsett var 50.000 plöntum. Voru það þessar tegundir:

|                  |       |      |
|------------------|-------|------|
| Skógarfura 3/o   | 20420 | stk. |
| Sembrafura 3/o   | 24360 | stk. |
| ✓ Sitkagreni 2/o | 5220  | stk. |

Samtals 50.000 stk.

Græðlingar. Gróðursett í vor 1.000 stk. græðlingar. (gulvíðir)

Aætluð dreifsetning á næsta ári. Skógarfura 3/o 50.000

Brodd hlágreni 3/o 20.000

Sitkagreni 2/o 5.000

Sib. lerki 3/o 6.000

Reynir 1-2/o 4.000

---

Samtals 85.000 stk.

Afhentar plöntur.

Í vor voru fluttar út frá Laugabrekku

37493 trjáplöntur. Voru það þessar tegundir:

|                |                       |            |             |
|----------------|-----------------------|------------|-------------|
| Skógarplöntur: | •Eirki 4/o Bajarst.   | 8050 stk.  |             |
| "              | •Skógarf. 3/o Troms   | 22590 stk. | L.M. 22.590 |
| "              | Rauðgr. 2/2 Umea      | 2000 stk   | 0           |
| "              | •Bergfura 3/o Urstav. | 2975 stk   | 0           |
| "              | •Sitkagr. 2/2 Macleod | 370 stk.   | 0           |
| "              | •Sitkab. 2/2 Jarwg    | 490 stk.   | 0           |
| "              | •Rauðgreni 2/2 Afjord | 615 stk.   | 115         |

Samt. 37.095 stk.

6400

30.695

Garðplöntur: •Eirki 226 stk.

" •Reynir 28 stk.

" •Sitkag. 25 "

" Þingv. 45 "

" Þibs 14 "

" Gulv. 10 "

" Gráv. 50 "

---

Samtals 398 stk.

|                          |       |               |          |      |      |
|--------------------------|-------|---------------|----------|------|------|
| <u>Aðsendar plöntur.</u> | Skóg. | Rauðgreni 2/2 | Umea     | 2000 | stk. |
| "                        | "     | Rauðgreni 2/2 | Afjard   | 500  | "    |
| "                        | "     | Sitkag. 2/2   | Macleod  | 400  | "    |
| "                        | "     | Sitkab. 2/2   | Larwiğ   | 500  | "    |
| "                        | "     | Bergfura 3/0  | Örstavik | 3000 | "    |

Samtals 6.400 stk.

|       |               |     |      |
|-------|---------------|-----|------|
| Garð. | Birki         | 50  | stk. |
| "     | Birki í limg. | 200 | "    |
| "     | Sitkag.       | 20  | "    |

Samt. 270 stk.

|                          |                |             |       |      |
|--------------------------|----------------|-------------|-------|------|
| <u>Söluplöntur 1958.</u> | Skógarfura 4/0 | Troms innl. | 20000 | stk. |
|                          | Birki 3/0      | Bæjarst.    | 20000 | "    |
|                          | Lerki 3/0      | Altai       | 15000 | "    |
|                          | Blágr. 2/2     | Colorado    | 3000  | "    |
|                          | Lerki 2/2      | Altai       | 400   | "    |

Samt. 58.400 stk.

|         |          |     |      |
|---------|----------|-----|------|
| Garðpl. | Gulviðir | 500 | stk. |
|         | Þingv.   | 80  | "    |
|         | Gráviðir | 120 | "    |
|         | Ribs     | 40  | "    |
|         | Rauðgr.  | 100 | "    |
|         | Reynir   | 50  | "    |

Samt. 890 Stk.



Gróðursett í girðingar Skógræktar ríkisins.

|                    |            |     |           |       |           |
|--------------------|------------|-----|-----------|-------|-----------|
| Úlfstaðagirðingar: | Skógarfura | 3/o | Troms     | 920   | stk.      |
| "                  | Rauðgr.    | 2/2 | Afjorð    | 30    | "         |
| "                  | Sitkagr.   | 2/2 | Macleod   | 200   | "         |
|                    |            |     |           | Samt. | 1150 stk. |
| Gauksmýri.         | Birki      | 4/o | Bæjarst.  | 300   | stk.      |
|                    |            |     |           |       | 300 stk.  |
| Barkarstaðir:      | Birki      | 4/o | Bæjarst.  | 200   | stk.      |
| "                  | Skógarf.   | 3/o | Troms     | 800   | "         |
| "                  | Bergf.     | 3/o | Úrstav.   | 200   | "         |
|                    |            |     |           | Samt. | 1200 stk. |
| Reykjarhóll:       | Birki      | 4/o | Bæjarstað | 800   | stk.      |
| "                  | Skógarf.   | 3/o | Troms     | 1580  | stk.      |
| "                  | Bergfura   | 3/o | Úrstav.   | 775   | stk.      |
| "                  | Rauðgr.    | 2/2 | Únea      | 30    | stk.      |
| "                  | Sitkab.    | 2/2 | Úrstav.   | 495   | stk.      |
|                    |            |     |           | Samt. | 3680 stk. |

Byggingar. Engar byggingar voru gerðar á árinu en lítils háttar breyting gerð á íbúðarhúsi. Barnaherbergið var tekið af og stofan stækkuð sem því nam. Einnig var stofan máluð.

Þessar breytingar höfðu engan kostnað í för með sér, því ég vann að þeim sjálfur..

Í vor fór ég þess á leit að fá að byggja geymsluskúr fyrir verkfæri og áhöld. Skúrinn atlaði ég að byggja við græðireitinn, og hafa hann helst það stóran að starfsfólkið gæti drukkið þar kaffi. Þessu var slegið á frest, vegna fjárskorts.. Vona ég að hægt verði að koma þessum skúr upp í vor, því varla verður við það unað að hafa ekki skýli þarna.

Leiðbeiningar og ferðalög. Allar plöntur flutti ég sjálfur til kaupendanna, og leiðbeindi við gróðursetninguna, þegar því varð við komið.

Á nokkrum stöðum maldi ég fyrir girðingum, sem áhveðið er að komist upp á næsta ári.

Viða úðaði ég plöntur í görðum og trjáreitum, því ríkið bar á óþrifum, eikum maðki og blaðlúsá lauftrjám og runnum, en Skjaldlús á furu. Yfirleitt kom úðunin að góðum notum.

Helstu ferðalög utan mins vinnusvæðis. Í febrúar fór ég til Reykjavíkur og sat þar skógarvarðafundinn.

Í apríl fór ég til Reykjavíkur að sækja tatara, sem ég fékk í græðireitinn.

Í júlí fór ég til Kirkjubæjarklausturs á aðalfund Skógræktarfélags Íslands..

Þinnig fór ég til Akureyrar, Vagla og Siglufjarðar. Í ágúst flutti ég plöntur frá Vöglum til Siglufjarðar og leiðbeindi þar við gróðursetningu.

Í november fór ég til Reykjavíkur á fund skógræktarstjóra.

Laugabrekku, 1. jan. 1958

*Sigurður Þinsson*